



# Reiðhöllin í Víðidal

Viðburðahandbók



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Teikningaskrá.....	3
1. Inngangur .....	4
2. Forsendur .....	4
3. Brunavarnalýsing.....	5
3.1. Reiðhöllin .....	5
3.2. Brunahólfun .....	5
3.3. Burðarvirki.....	5
3.4. Klæðningar .....	5
3.5. Flóttaleiðir .....	5
3.6. Mannfjöldi.....	6
3.7. Brunaviðvörðunarkerfi .....	6
3.8. Loftræstikerfi.....	6
3.9. Reyklosun .....	6
3.10. Slöngukerfi og slökkvitæki.....	6
3.11. Út- og neyðarlýsing .....	6
3.12. Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa.....	6
4. Verkferlar á tækifærisviðburðum .....	7
5. Ábyrgðarskipting og öryggisgæsla.....	9
5.1. Almenn.....	9
5.2. Skjalfest ábyrgðarskipting milli umsjónarmanns og leigjanda .....	10
5.3. Gátlistar.....	11
5.3.1. Gátlisti eiganda.....	11
5.3.2. Gátlisti leigjanda.....	12
5.4. Rýmingaráætlun.....	13
5.4.1. Skipulag rýmingaráætlunar .....	13
5.4.2. Hlutverk og aðgerðir við boð frá brunabjöllum .....	14
6. Niðurstöður .....	15



## Teikningaskrá

Nr. Lýsing:

---

YB Yfirlitsmynd brunaviðvörðunarkerfis

### **A hluti – Teikningar sem ekki þurfa sérstakar umsagnir SHS**

- A1 Viðburður fyrir 1410 manns. Svið í suðurenda.
- A2 Viðburður fyrir 1410 manns. Svið í suðurenda m. drapp.
- A3 Tónleikar fyrir 800 manns.
- A4 Tónleikar fyrir 800 manns.
- A5 Tónleikar fyrir 800 manns. Suðuruppstilling m. drapp.
- A6 Tónleikar fyrir 800 manns. Suðuruppst. án drapp.
- A7 Borðhald fyrir 430 manns.
- A8 Tónleikar fyrir 1260 manns.
- A9 Reiðhallarsýning fyrir allt að 852 manns í sætum og 100 manns á reiðgólfi.
- A10 Sýning á gólfi fyrir 600 manns á gólfi og 852 manns í sætum.
- A11 Sýning á gólfi (t.d. katta-/hundasýning) fyrir 400 manns á gólfi og 426 manns í sætum.

### **B hluti – Teikningar sem þurfa sérstakar umsagnir SHS**

- B1 Landsmót hestamanna ball fyrir 2650 manns
- B2 Landsmót hestamanna salur fyrir 1440 manns
- B3 Landsmót hestamanna sýningartjald (fyrir 600 manns)
- B4 Landsmót hestamanna skemmtitjald (fyrir 600 manns)



## 1. Inngangur

Verkfræði og ráðgjafastofunni Lotu var falið að gera úttekt á brunavörnum fyrir tækifærisskemmtanir í reiðhöllinni Víðidal í Reykjavík 2011 og skilaði skýrslu þess efnis sem hestamannafélagið Fákur hefur unnið eftir. Í tengslum við umsókn félagsins um rekstrarleyfi fyrir reiðhöllina í Víðidal óskaði Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) eftir uppfærslu á þeirri skýrslu með tilliti til uppfærðra verklagsreglna um brunavarnir og tækifærisskemmtanir.

Reiðhöllin er notuð fyrir ýmsa viðburði og þá sér í lagi reiðsýningar og keppnir. Þá eru reglulega viðburðir haldnir í höllinni tengdir tónleikahaldi.

Í vinnu við fyrri skýrslu voru verkferlar útbúnir varðandi undirbúning og framkvæmd stórra viðburða til að tryggja virkar brunavarnir á þeim tíma sem þeirra er mest þörf.

Reiðhöllin var byggð árið 1987 og er heildar flatarmál hennar um 3000 m<sup>2</sup>, þar af er reiðhallargólf um 1500 m<sup>2</sup> og áhorfendastæði um 580 m<sup>2</sup>.

## 2. Forsendur

Hestamannafélagið Fákur óskar eftir umsögn SHS um tækifærisskemmtanir sem listaðar eru í A-hluta teikningaskrá svo ekki þurfi að sækja um umsögn í hvert skipti.

Allar teikningar listaðar í A-hluta eru innan brunaviðmiða um mannfjölda á viðburðum og hafa verið rýndar af Lotu og samþykktar áður til notkunar af SHS.

Teikningar listaðar í B-hluta teikningaskrár eru notaðar þegar haldin eru Landsmót í Víðidal. Fákur mun sækja um leyfi til notkunar á þeim til SHS fyrir hvert Landsmót.



### 3. Brunavarnalýsing

Eftirfarandi brunavarnalýsing er að finna á teikningum arkitekta af reiðhöllinni í Víðidal.

#### 3.1. Reiðhöllin

Í reiðhallarrýminu sem er um 1800 m<sup>2</sup> (reiðgólf og áhorfendastúkur) eru 30 reyk og hitaskynjarar. Reyklúgur eru staðsettar í mæni reiðhallarinnar og eru þær handstýrðar úr tækjarými reiðhallarinnar. Önnur reyklosun er um bílskýrsdyr norðan og sunnanmegin á húsinu.

#### 3.2. Brunahólfun

Húsið er ein brunasamstæða en skiptist í nokkur brunahólf. Þau helstu eru: Reiðvöllur með áhorfendapöllum og undirbúningsherbergi (~1800 m<sup>2</sup>), anddyri með skrifstofum og búningsherbergjum (600 m<sup>2</sup>), suðuranddyri á báðum hæðum (200 m<sup>2</sup>), veitingasalur á efri hæð (200 m<sup>2</sup>), stigahús í austurenda veitingasalar (30 m<sup>2</sup>). Brunahólf skulu almennt vera a.m.k. EI 60 veggir með EI<sub>2</sub> 30-CS<sub>m</sub> hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a.m.k. E30. Hurðir í brunahólfun mega vera á hurðaseglum sem sleppa þeim við boð frá brunaviðvörunarkerfi.

#### 3.3. Burðarvirki

Hér er um eldri byggingu að ræða og gert er ráð fyrir að burðarvirki uppfylli kröfur byggingarreglugerðar. Aðalburðarvirki eru talin uppfylla a.m.k. R60.

#### 3.4. Klæðningar

- Klæðningar á flóttaleiðum eru í flokki 1.
- Utanhúsklæðningar eru í flokki 1.
- Þakklæðningar eru a.m.k. í flokki B<sub>(roof)</sub> (t2).

#### 3.5. Flóttaleiðir

- Hvergi er lengra en 25 m í útgang eða annað brunahólf.
- Frá hverju brunahólfi eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir.
- Flóttaleiðir frá reiðvelli verða á reiðsýningum /-keppnum skv. fyrirkomulagi B-I um nyrðstu dyrnar á austurvegg í gegnum flekahurð og einnig í suðvesturhorni reiðsalar upp tröppur og þaðan út í suðuranddyri. Hylja þarf ÚT-ljós hinna flóttaleiðanna sem liggja beint út á meðan. Á fjölmönnum sýningum á gólfi reiðhallar skv. fyrirkomulagi B-II þá séu allar flóttaleiðir í austurvegg greiðar og flekahurðir í varnarvegg festar opnar. ÚT-ljós ekki hulin. Á slíkum sýningum er hluti handriðs fjarlægður og komið fyrir bráðabirgða tröppum við hvern útgang niður á sýningargólf. Flóttaleiðir frá áhorfendapöllum eru í báðum tilfellum um gang niður í anddyrið og út, ein hurðin af þremur er rennihurð með opnunarbúnaði en hinar 2 með panikslá.

**[Innskot brunahönnuðar árið 2024: Nú er þetta nefnt A9 og A10 í þessari handbók, en mörg viðbótartilfelli eru í þessari handbók]**

- Flóttaleiðir frá veitingasal á efri hæð eru tvær; önnur um stigang í austur og út, hin um suðuranddyri. Flóttaleiðir frá undirbúningsherbergi eru um gönguhurðir í austri og vestri. Aðrar flóttaleiðir eru skv. aðaluppdrætti.
- Fatlaðir í hjólastól þurfa aðstoð við flótta.
- Allar tvöfaldar hurðir í flóttaleið skulu búnar neyðaropnunarbúnaði (panik).



### 3.6. Mannfjöldi

Á reiðsýningum og keppnum samkvæmt fyrirkomulagi B-I geta verið 852 á áhorfendapöllum og 100 á gólfi. Viðburðir á gólfi samkvæmt fyrirkomulagi B-II geta verið allt að 852 á áhorfendapöllum og 600 á gólfi.

**[Innskot brunahönnuðar árið 2024: Nú er þetta nefnt A9 og A10 í þessari handbók, en mörg viðbótartilfelli eru í þessari handbók]**

Veitingasalur á efri hæð tekur 112 manns.

### 3.7. Brunaviðvörðunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi er í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar. Kerfið er tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd er í suðuranddyri hússins.

### 3.8. Loftræstikerfi

Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. Loftræsikerfi skal slökkva á sér við boð frá brunaviðvörðunarkerfi.

### 3.9. Reyklosun

Reyklosun frá reiðsal með 10 reyklúgum (alls u.þ.b. 11 m<sup>2</sup>) sem umsjónarmaður opnar handvirkt við boð frá brunaviðvörðunarkerfi.

### 3.10. Slöngukerfi og slökkvitæki

- Slöngukefli eru í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.
- Slökkvitæki skulu staðsett í samræmið við reglur Mannvirkjastofnunar. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.
- Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

### 3.11. Út- og neyðarlýsing

- Út- og neyðarlýsing er í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.
- Neyðarlýsing verður í tæknirýmum.
- Lýsing er utanhúss við neyðarstiga og útidyr flóttaleiða.

### 3.12. Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur er í húsinu um eftirlit og viðhald á brunavarnarkerfum hússins. Eftirlitið og viðhald innifelur meðal annar í sér:

- Þjónustusamningur um árlegt viðhald brunaviðvörðunarkerfis.
- Þjónustusamningur um vöktun brunaviðvörðunarkerfis.
- Þjónustusamningur um árlegt viðhald slökkvitækja og brunaslanga.
- Þjónustusamningur um árlega yfirferð á að neyðarlýsingu og að virkni rennihurða og pumpuhurða virki við straumrof.
- Þjónustusamningur um árleg þrif á útsogsháfum og að slökkvikerfi í útsogsháfum virki.

Þá er í húsinu eldvarnarfulltrúi sem hefur eftirlit með brunakerfinu.



## 4. Verkferlar á tækifærisviðburðum

### 4.1. Almennt

Eftirfarandi viðburðir og uppstillingar hafa verið skilgreindar ásamt hámarksfjölda. Fyrirkomulaginu er nánar lýst á hverri teikningu. Að öðru leyti vísast í aðaluppdrátt. Hámarksfjöldi hefur verið settur fram með hliðsjón af upplýsingum um notkun hússins. Ekki er gert ráð fyrir sjálfvirkri reykræsingu í þaki, heldur er rafrænt handvirk opnun reyklúgu hluti af ábyrgð umsjónarmanns við sannreynd brunaboð sem koma úr reiðhöllinni (aðalsalnum).

Sérstaklega skal tekið fram að ef taka á einhvern hluta brunaviðvörðunarkerfis úr sambandi vegna viðburðar, t.d. vegna sviðsreyks, þarf að óska eftir vakt Slökkviliðsins.

Fyrirkomulag	Mesti mannfjöldi alls	Uppgötv. og viðbragðstími (mín)	Reiknaður ferðatími (mín)	Áætlaður samanlagður rýmingartími (mín)
A1 – Skemmtun	1410	3,0		Eins og A2
A2 – Skemmtun	1410	3,0	2,5	5,5
A3 - Tónleikar	800	3,0	2,9	5,
A4 – Tónleikar	700	3,0	1,7	4,7
A5 – Tónleikar	800	3,0	2,3	5,3
A6 – Tónleikar	800	3,0		Eins og A5
A7 – Borðhald	430	3,0	1,1	4,1
A8 – Tónleikar	1260	3,0	2,3	5,3
A9* – Reiðhallarsýning skv. aðalteikningum	852 stúku +100 gólfi, alls 952	1,0 ***		Skipulag skv. aðaluppdr.
A10** – Sýningar á gólfi (t.d. hundasýning)	852 stúku +600 gólfi, alls 1452	1,0 ***		
A11 – Sýningar á gólfi	426 stúku +400 gólfi, alls 826	1,0 ***		
B1 – Landsmót ball	2650	3,0	3,0	6,0
B2 – Landsmót salur	1440	3,0	2,3 áætlað m.v. A2	Minna en B1
B3 – Landsmót sýningartjald	600	3,0		3 mín áætlað
B4 – Landsmót skemmtitjald	600	3,0		3 mín áætlað

\* Áður kallað B-I. Aðeins nyrðstu flóttadyr á austurhlíð eru aðgengilegar, hinar eru ekki flóttadyr í þessum aðstæðum og ber að hylja ÚT-ljósinn í þessum tilvikum.

\*\* Áður kallað B-II. Allar flekahurðir í varnarvegg opnar og öll ÚT-ljós á austurhlíð sýnileg. Bráðbirgðatröppur settar við hvern útgang að útgöngum áhorfendapalla.

\*\*\* Góð yfirsýn í björtum aðstæðum og vel stýrðu umhverfi gefur þennan litla uppgötvunar- og undirbúningstíma



## 4.2. Viðbótarreglur um uppstillingar

### 4.2.1. Björgámur

Á sumum teikningum má sjá gám innanhúss. Þar er um að ræða björgám sem settur er upp af utanaðkomandi aðila. Úr gámnum fer fram bjórsala og afgreiðsla á bjór, út um opna langhlið. Gerð er krafa til slíks gáms að hann hafi staka reykskynjara.

### 4.2.2. Sýningarsvæði og básar

Á sumum teikningum eru skilgreind sýningarsvæði. Þar verður hægt að setja upp bása eða annars konar uppskiptingu sýningarsvæðis. Notast skal við básasýningarkerfi sem hafa tregbrennanlegar einingar. Bannað er að nota palettur (enda brenna þær mun hraðar en tregbrennanleg sýningarkerfi). Uppsetning rafmagns að básum (þar sem það á við) skal gerð með viðurkenndum hætti. Tryggja þarf að flóttaleiðir að útgöngum séu greiðar og séu með þeim hætti að leiðir séu óháðar hvar sem er á sýningarsvæði. Gönguleiðir um slíkt sýningarsvæði séu eftir gönguleiðum sem eru a.m.k. 2 m breiðar. Sýningar þessar eru haldnar að degi til en ekki að kvöldi, og með fullri ljóslýsingu. Þar sem uppstilling á sýningum er svo mismunandi ber að tilkynna Slökkviliðið um uppstillingar á sýningarsvæðum. Hvergi sé lengra en 25 í næsta aðgengilegt slökkvtæki, annars þarf að bæta við stökum slökkvitækjum á stöndum innan sýningarsvæðis.

### 4.2.3. Samkomutjöld

Fyrir öll samkomutjöld sem ætlað er að standi skemur en 30 daga gilda eftirfarandi reglur (byggt á leiðbeiningum 71.4 BR2 frá Brunamálastofnun, nú HMS):

Ekki skulu vera aðrar innréttingar í tjöldunum en borð og stólar og skyldir hlutir sem valda óverulegu brunaálagi og hindra ekki rýmingu tjaldsins.

Tjalddúkur skal vera illbrennanlegur skv. viðeigandi stöðlum.

Burðargrind tjaldanna skal vera úr stáli, tré eða fiberstöngum og þannig frágengin að hún geti ekki hrunið á þeim tíma sem það tekur að rýma tjaldið.

Fjöldi og breidd útganga skal vera í samhengi við leyfðan hámarksfólksfjölda, en samkomutjöld skulu alltaf hafa að lágmarki tvö útganga. Útgangarnir og gönguleiðir að þeim skulu vera tryggar gagnvart því að dúkurinn geti fallið niður og hindrað rýmingu tjaldsins.

Bannað er að vera með opinn eld í tjöldunum t.d. gasbrennara til upphitunar á þeim, til lýsingar og til skreytinga. Frekar er mælt með innrauðum ljósum sem hitagjafa.

Tjöldin skal ekki staðsetja nær húsum annarra en 10 m til að koma í veg fyrir að eldur geti borist milli húss og tjalds.

Eldvarnaeftirlit sveitarfélags skal gera úttekt á frágangi tjaldanna áður en þau eru tekin í notkun.

Séu tjöldin hvít og notkunin takmörkuð við sumartímann, þá er ekki gerð krafa um neyðarlýsingu, heldur leiðarmerki við útganga látin duga til að beina fólki á öruggan hátt að útgangi.



## 5. Ábyrgðarskipting og öryggisgæsla

### 5.1. Almennt

Eigandi og rekstraraðili hússins, hestamannafélagið Fákur, ber ábyrgð á að húsið sjálft uppfylli þær kröfur sem til þess eru gerðar m.t.t. brunavarna (sjá brunahönnun) og að öll öryggiskerfi séu virk. Eigandi skal fara í gegnum það og staðfesta með gátlista rekstraraðila. Hann er einnig ábyrgur fyrir því að leigutaki sé upplýstur um reglur hússins og brunavarnir þess.

Leigutaki ber ábyrgð á að kynna sér brunavarnir hússins. Hann ber ábyrgð á að kynna sér viðbragðs- og rýmingaráætlun hússins og sérstakar ráðstafanir í sal sé skv. skipulagi og að fjöldi fari ekki yfir leyfileg mörk. Leigutaki staðfestir hlutverk sitt og ábyrgð með undirritun samnings um þessi mál við leigusala.

Öryggisgæsla skal taka mið af stærð viðburðar og skal miða við um það bil einn öryggisvörð á hverja 150 gesti. Rýmingarfulltrúum og öryggisvörðum skal kynnt teikning viðburðar varðandi neyðarútganga og hvar slökkvitæki og brunaslöngur sé að finna. Rýmingarfulltrúar og öryggisverðir skulu gera viðvart verði þeir varir við eld og aðstoða við rýmingu hússins (sjá nánar í kafla 5.4.1).



## 5.2. Skjalfest ábyrgðarskipting milli umsjónarmanns og leigjanda

### Umsjónarmaður ber ábyrgð á eftirfarandi:

- Fræðslu til leigusala um brunavarnir, viðbragðs- og rýmingaráætlun byggingar
- Flóttaleiðum og virkni flóttahurða
- Neyðarlýsingu
- Opnunarbúnaði hurða
- Brunaslöngum og merkingum
- Umgengni/frágangi utanhúss
- Snjómokstri frá flóttaleiðum
- Virkjun reyklúgu við staðfest brunaboð, kynna leigjanda staðsetningu stjórnþúnaðar reyklúga
- Annað:
- Skipulagi viðbragðs- og rýmingaráætlunar
- Fylgja teikningum varðandi uppröðun í sal og skipulag
- Brunahólfun og virkni brunahólfandi hurða
- Eldvarnahurðum og búnaði þeirra
- Leiðarmerkjum (ÚT-ljós)
- Brunavörnum loftræsikerfa
- Brunaviðvörðunarkerfi
- Slökkvitækjum og merkingum
- Yfirferð þessa gátlista og staðfestingu hans með undirskrift (þetta blað er prentað út og skrifað undir áður en viðburður á sér stað)

### Ábyrgð leigjanda

### Leigjandi ber ábyrgð á eftirfarandi:

- Kynna sér brunavarnir og viðbragðs- og rýmingaráætlun hjá umsjónarmanni
- Uppfylla kröfur og mannaflapörf vegna rýmingaráætlunar
- Halda skilgreindum flóttaleiðum fríum skv. teikningu.
- Annað:
- Kynna starfsmönnum brunavarnir og rýmingaráætlun vegna atburðar.
- Fullnægjandi öryggisgæslu með hliðsjón af stærð og umfangi atburðar.
- Fara í gegnum gátlista og staðfesti hann með undirskrift.

Undirritaður ábyrgðarmaður brunavarna og leigutaki reiðhallarinnar í Víðidal staðfesta hér með sameiginlegan skilning á ofantöldu um hlutverk leigjanda:

Dagsetning:	Ábyrgðarmaður brunavarna / umsjónarmaður:
Dagsetning:	Leigjandi:



## 5.3. Gátlistar

Atriði sem koma fram á þessum gátlista eru ætluð til að aðstoða umsjónarmann við yfirfara og ganga úr skugga um að brunavarnir séu í lagi þegar viðburðir eru fyrirhugaðar.

### 5.3.1. Gátlisti eiganda

Gátlisti til notkunar í aðdraganda tækifærisviðburðar	Já	Nei
Hefur <u>brunaviðvörðunarkerfið</u> verið yfirfarið og úttekið af þjónustuaðila á síðustu 12 mánuðum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur verið brugðist við athugasemdunum og viðkomandi atriði lagfærð?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur <u>stýribúnaður reyklúga</u> verið yfirfarinn af þjónustuaðila á síðustu 12 mánuðum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hafa <u>brunaslönqur</u> og <u>slökkvitæki</u> verið yfirfarin af þjónustuaðila á síðustu 12 mánuðum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Er handslökkvibúnaður og handboðar aðgengilegir?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hafa <u>neyðarútgangar</u> verið opnaðir nýlega? Eru þeir auðopnanlegir?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hafa færanlegar tröppur verið settar upp samkvæmt skipulagi viðburðar?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hafa <u>út-ljós</u> og <u>neyðarlýsing</u> verið yfirfarin af þjónustuaðilum á síðustu 12 mánuðum og skipt um perur og rafhlöður eftir þörfum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Er <u>brunaálag</u> í lágmarki í og við húsið?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur verið gerður samningur við <u>ábyrgðaraðila leigutaka vegna</u> viðkomandi viðburðar?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Eru aðrir húshlutar læstir svo óviðkomandi villist ekki þangað inn?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Er búið að skrá tegund / fyrirkomulag viðburðar í dagbók umsjónarmanns?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Er til <u>viðbragðs-/rýmingaráætlun</u> fyrir fyrirhugaða tækifærisskemmtun á prentuðu formi?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur verið hugað að fyrirkomulagi á flóttaleiðum og hvort tímabundnar flóttaleiðir eigi að vera opnar eða lokaðar og ÚT-ljós sýnileg eða hulin skv. skráðu fyrirkomulagi fyrir viðkomandi atburð?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur ábyrgðaraðili samkomuhaldara/leigutaka verið fræddur um hlutverk sitt?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur leigjanda verið sýndur <u>stjórnubúnaður reyklosunar</u> (þetta er hugsað sem vararáð)?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur viðburður verið <u>tilkynntur</u> til Slökkviliðs og hvaða teikning gildir fyrir þann viðburð?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ef <u>reykur/sviðsflugeldar</u> , leigusali sér um að tilkynna það.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ef <u>matarvagnar</u> eða aðrir tæknibílar eru á útisvæði, hefur verið gætt að því að þeir séu fjær byggingum en 4m, og er vel hægt að komast á milli þeirra sé sú leið framhald af flóttaleið úr byggingu?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur leigjanda verið sýndur <u>stjórnubúnaður reyklosunar</u> (þetta er hugsað sem vararáð)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Annað?		



### 5.3.2. Gátlisti leigjanda

Atriði sem koma fram á gátlista leigutaka eru til að aðstoða hann við að uppfylla þau skilyrði sem hann þarf að uppfylla varðandi brunaöryggi.

Gátlisti til notkunar í aðdraganda tækifærisviðburðar	Já	Nei
Hefurðu fengið upplýsingar um brunavarnir hússins hjá umsjónarmanni?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefurðu fengið upplýsingar um rýmingaráætlun og viðbragðsáætlun hjá umsjónarmanni?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Er/verður uppsetning skv. þeim uppdráttum sem eru í gildi og eru önnur atriði sem þar koma fram uppfyllt?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur starfsfólk (öryggisgæsla) vegna tækifærisviðburðar verið/verður það frætt um brunavarnir og rýmingaráætlun hússins?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hefur fullnægjandi öryggisgæsla verið tryggð?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



## 5.4. Rýmingaráætlun

### 5.4.1. Skipulag rýmingaráætlunar

Eftirfarandi stöður verða að vera uppfylltar:

- 2 rýmingarfulltrúar frá leigutaka
- 1 viðbragðsaðila brunakerfis (umsjónarmaður frá rekstaraðila)
- Samtals 3 viðbragðsaðilar

#### Hlutverk rýmingarfulltrúa.

Rýmingarfulltrúar skulu skipta með sér salnum og þeim svæðum sem gestir eru á. Hver rýmingarfulltrúi ber ábyrgð á sínu svæði og að hvetja til rýmingar og leiðbeina um flóttaleiðir. Nær athygli fólks vegna rýmingar í tilfelli rýmingar, annað hvort frá sviði eða með aðstoð hljóðmanns sem stýrir hljóðkerfi viðburðar.

#### Rýmingarfulltrúi:

- Stjórnar rýmingu á sínu svæði, leiðbeinir fólki réttar flóttaleiðir og á söfnunarsvæði í samræmi við rýmingaráætlun, söfnunarsvæði er á bílplani vestan megin við bygginguna.
- Hefur reglulegt eftirlit með því að flóttaleiðir séu greiðar og óhindraðar.
- Hefur eftirlit með því að slökkvitæki og neyðarbúnaður sé til staðar.
- Ef hætta skapast þannig að rýma þurfi húsið skal slá inn næsta handboða til þess að gangsetja brunabjöllur.
- Upplýsir öryggisgæslu um viðbrögð við bruna (eða yfirmann öryggisgæslu sem miðlar því áfram)
- Tryggir að aðkoma sjúkrabíla sé tryggð inn á svæðið / að Reiðhöll
- Við brunaboð, lætur hann slökkva á tónlist og kveikja ljós í sal og lesa upp textaskilaboð á íslensku og ensku um rýmingu
- Sjá nánar hlutverk og aðgerðir í kafla 5.4.2.

#### Umsjónarmaður:


- Bregst við boðum frá brunaviðvörðunarkerfi.
- Opnar reykklúgu með rofa hjá aðaltöflu hússins eða í töflu í sal á suðurgafli í aðalsal
- Aðstoðar við rýmingu.
- Sjá nánar hlutverk og aðgerðir í kafla 5.4.2

#### Öryggisgæsla:

- Sinnir almennum öryggisstörfum sem yfirmaður öryggisgæslu felur þeim (óháð brunavörnum)
- Kemur í veg fyrir óábyrga hegðun sem snertir brunaöryggi, meiri óábyrg hegðun fylgir áfengisnotkun, ráði viðkomandi ekki við aðstæður er haft samband við lögreglu
- Hvetur fólk til öruggrar rýmingar strax við brunaboð eða þegar rýming hefur verið virkjuð, gætir að troðningi
- Slekkur minniháttar eld með slökkvitæki án þess að leggja sig í hættu



### 5.4.2. Hlutverk og aðgerðir við boð frá brunabjöllum





## 6. Niðurstöður

Reiðhöllin í Víðidal er hæf til notkunar fyrir viðburði sem uppfylla þau skilyrði og uppstillingar sem lýst er í þessari handbók.




Hægt er að leita til brunahönnuða eða forvarnardeild SHS ef upp koma álitamál er varða túlkun þessara leiðbeininga.

F.h. Lotu ehf.

Sigurður Bjarni Gíslason  
byggingarverkfræðingur / brunahönnuður

**VIÐAUKAR**

# YFIRLITSMYND BRUNAVIÐVÖRUNARKERFIS



## TÁKNASKÝRINGAR

- Stjórnstöð
- Reykskynjari
- Hitaskynjari
- Handboði
- Bjöllur

## SVÆÐASKIPTING

- Svæði 1
- Svæði 2
- Svæði 3
- Svæði 4
- Svæði 5
- Svæði 6
- Svæði 7


Slökkvi-  
tæki  
Brana-  
slanga  
Hand-  
boði  
Reyk-  
losun  
Brunavið-  
vörunarkerfi

**112**  
EINN EINN TVEIR

# Flóttaleiðir og neyðarbúnaður

Tækifærisskemmtun. Tónleikar. Allt að 1410 manns

A1




Reiðhöllin Víðidal


**LOTA**  
21.08.24

Sækja þarf um hvern viðburð til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ef reykskynjarar í sal eru einangraðir skal vera vakt frá slökkviliði Ekki má setja hindranir í flóttaleiðir









Sækja þarf um hvern viðburð til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ef reykskyrnar í sal eru einangraðir skal vera vakt frá slökkviliði Ekki má setja hindranir í flóttaleiðir





Sækja þarf um hvern viðburð til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ef reykskynjarar í sal eru einangraðir skal vera vakt frá slökkviliði Ekki má setja hindranir í flóttaleiðir







### EF ÞÚ UPPGÖTVAR ELD

- Ýtið á næsta brunaboða
- Tilkynnið um eldinn til öryggisvarða og nærstaddra
- Farið stystu leið út úr húsinu.
- Fylgið leiðbeiningum öryggisvarða.

### EF BRUNABJÖLLUR FARA Í GANG

- Farið stystu leið út úr húsinu
- Fylgið leiðbeiningum öryggisvarða

# Flóttaleiðir og neyðarbúnaður




Hámarksfjöldi 852 í sætum og 100 á gólfi. Samtals 952 manns.

A9

Allt gólfið er sýningarsvæði

Ómerkt flóttaleið fyrir hesta og knapa á sýningum  
Opið á sýningum



### EF ÞÚ UPPGÖTVAR ELD

- Ýtið á næsta brunaboða
- Tilkynnið um eldinn til öryggisvarða og nærstaddra
- Farið stystu leið út úr húsinu.
- Fylgið leiðbeiningum öryggisvarða.

### EF BRUNABJÖLLUR FARA Í GANG


- Farið stystu leið út úr húsinu
- Fylgið leiðbeiningum öryggisvarða

# Flóttaleiðir og neyðarbúnaður



Hámarksfjöldi 852 í sætum og 600 á gólfi. Samtals 1452 manns.

A10



## Sýningarsvæði

Innan sýningarsvæðis þurfa að vera greiðfærar innbyrðis flóttaleiðir með lágmarksbreidd 2m. Full ljóslýsing er á sýningarsvæði.

Senda skal slökkviliði nánara riss af uppstillingu sem sýnir fram á greiðar flóttaleiðir að útgöngum

### EF ÞÚ UPPGÖTVAR ELD

- Ýtið á næsta brunaboða
- Tilkynnið um eldinn til öryggisvarða og nærstaddra
- Farið stystu leið út úr húsinu.
- Fylgið leiðbeiningum öryggisvarða.

### EF BRUNABJÖLLUR FARA Í GANG


- Farið stystu leið út úr húsinu
- Fylgið leiðbeiningum öryggisvarða


# Flóttaleiðir og neyðarbúnaður




Hámarksfjöldi 426 í sætum og 400 á gólfi. Samtals 826 manns.

A11







Slökkvi-  
tæki



Bruna-  
slanga



Hand-  
boði



Reyk-  
losun



Brunavið-  
vörunarkerfi



**112**  
EINN EINN TVEIR

# Landsmót hestamanna - Sýningartjald Hámarksfjöldi 600 manns

## Flóttaleiðir og neyðarbúnaður **B3**

